

Tilmæli 9/2024  
Tillaga A 1952/PRE  
Afgreiðsla Forsætisnefnd

## Nefndarálit um svar við tilmælum 9/2024 um að Norðurlönd verði sjálfbjarga og óháð einræðisríkjum

### Ákvarðanir

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið við tilmælum 9/2024 um að Norðurlönd verði sjálfbjarga og óháð einræðisríkjum til bókar og líti á þau sem afgreidd af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að gera stefnuáætlun um að Norðurlönd verði sjálfum sér næg á sviði orkuframleiðslu, íhluta fyrir raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnaðar.

### Svar frá norrænu ríkisstjórnunum

Ríkisstjórnir Norðurlandanna eru sammála Norðurlandaráðs um mikilvægi trausts norræns samstarfs um samfélagsöryggi, þar á meðal almannavarnir, viðviðnámsþol og afhendingaröryggi, ekki síst í ljósi ólögætrar innrásar Úkraínu og versnandi stöðu öryggismála í heiminum. Eins og fram kemur í skýrslunni „Norrænt samstarf á hættu- og neyðartímum“ sem norrænu samstarfsráðherrarnir kynntu í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Helsinki 2022 fer starfið fram á mörgum sviðum bæði innan og utan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Í væntanlegri samstarfsáætlun samstarfsráðherranna fyrir tímabilið 2025-2030 eru svið ráðherranefndarinnar hvött til þess að efla samstarfið enn frekar.

Á Norðurlöndum er mikil framleiðsla rafmagns, fljótandi eldsneytis, jarðgass og lífmassa. Raforkukerfi Norðurlandanna eru samtengd og kerfisstjórnendurnir eiga þess vegna í nánu samstarfi.

Á fundi norrænu orkumálaráðherranna á Íslandi í október 2023 ræddu þeir stöðu orkumála á Norðurlöndum með áherslu á afhendingaröryggi og vilja almennings. Í væntanlegri samstarfsáætlun orkusviðs fyrir tímabilið 2025-2030 er afhendingaröryggi tekið fram sem sérstakt forgangssvið fyrir samstarf.



Á þessu sviði er norræna samstarfið NordBER um orkuviðbúnað. NordBER eru samtök rekstaraðila flutningskerfanna og raf- og orkustofnana norrænu landanna fimm sem eiga samtarf um norræn viðbúnaðarmál á sviði orkumála. Markmið NordBER er að miðla upplýsingum og reynslu, eiga samstarf um sameiginleg málefni og styðja orkuviðbúnað landanna með samnorrænum viðbúnaði.

Fæðuöryggi forgangsmál undir formennsku Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni í ár. Í tengslum við það var haldin norræn málstofa í Stokkhólmi 12. mars með þemanu *Towards a more resilient supply of food and drinking water in the Nordic region*. Tilgangur málstofunnar var að miðla af reynslu og koma auga á svið eða aðgerðir þar sem norrænt samstarf gæti eftt fæðuöryggisviðbúnað og afhendingaröryggi drykkjarvatns á Norðurlöndum, þar á meðal með lagergeymslu, vörudreifingu og samnýtingu tilfanga.

Til viðbótar við þetta eiga ýmsar stofnanir í samtarfi og ýmis þekkingarmiðlun er í gangi. Þar má nefna finnskt-sænskt samstarf um hreinsun pípettuenda úr plasti. Samstarfið hófst þegar í Covid-19-faraldrinum í tengslum við skort á pípettuendum og hefur það þróast enn frekar síðan þá. Einnig er í gangi verkefni þar sem markaður umbúðaefnis á Norðurlöndum er kannaður sem og mögulegt norrænt samstarf. Tilgangur þessa verkefnis er að bæta úr mögulegum veikleikum þar sem umbúðir eru mikilvægur liður í matvælakeðjunni.

Ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt hefur falið Norrænum skógarrannsóknum (SNS) og Norrænu nefndinni um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ) að rannsaka og þróa viðnámsþrótt norræna lífhagkerfisins. Verkefnið er víðtækt og nær m.a. til landbúnaðar, matvæla, skógarvinnslu, fiskveiða og fiskeldis, og einnig ýmissa hættuáðstæðna (til dæmis stríðs og átaka, náttúruhamfara, heimsfaraldurs). Miðpunktur verkefnisins er þverfaglegt norrænt samstarf milli sviða. Þrjú svið hafa verið valin fyrir áframhaldandi samstarf: viðskipti og vörustjórnun, stafræn þróun og samskipti. Auk þess stóð NKJ fyrir málstofu 29. nóvember 2023 til að taka saman reynslu, niðurstöður og lærdóm af vopnuðum átökum og hvernig norrænt samstarf getur eftt viðbúnað okkar varðandi fæðuöryggi og afhendingaröryggi drykkjarvatns á Norðurlöndum.

*Ríkisstjórnir norrænu landanna telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.*

## **Sjónarmið forsætisnefndar**

Ríkisstjórnir Norðurlandanna sýna í svari sínu til þess að þær taka fyrirspurnirnar um viðbúnað og sjálfsnægtir mjög alvarlega og að þær telja mjög mikilvægt að stuðla að norrænu samstarfi á þessum sviðum. Áframhaldandi aðgerðir, svo sem Karlstad-yfirlýsingin frá lokum júnímánaðar 2024, hafa einnig sýnt fram á þetta.

Forsætisnefndin leggur því til að Norðurlandaráð færi svarið við tilmælum 9/2024 um að Norðurlönd verði sjálfbjarga og óháð einræðisríkjum til bókar og líti á þau sem afgreidd af hálfu ráðsins.



Mariuhöfn, 17. september 2024

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*Heléne Björklund (S)*

*Henrik Møller (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Kim Berg (sd)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Lars-Christian Brask (LA)*

*Sandra Listerby (lib)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Helge Orten (H)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Kathy Lie (SV)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Juho Eerola (saf)*